

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 8 - 2020

Staður: Hvanneyri / TEAMS

Tími: fimmtudaginn 5. nóvember 2020, kl. 14:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ágústa Rut Haraldsdóttir, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Halldór Þorgeirsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Kristófer Arnarson og Torfi Jóhannesson.

Fundaritari: Guðmunda Smáradóttir mannauðs- og gæðastjóri

Gestur fundarins undir lið 5: Þórunna Jónsdóttir

Dagskrá

1. Setning fundar

Rektor setti fund og bauð nýtt háskólaráð velkomið til starfa.

2. Fulltrúar háskólaráðs

Fulltrúar háskólaráðs kynntu sig, núverandi störf og bakgrunn.

3. Kjör varaformanns sbr. 3. gr. reglna fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 366/2020

Rektor bar upp tillögu um að Halldór Þorgeirsson verði varaformaður ráðsins 2020-2022. Var það samþykkt einróma.

4. Stefna og starfsemi Lbhí

Rektor kynnti stefnu og starfsemi Lbhí. Farið var yfir helstu áherslur í starfi, árangur, framtíð og tækifæri í íslenskum landbúnaði.

Áhersla næsta starfsár verður á mannauðs- og gæðamál, samhliða því sem hlúð verður að auknum nemendafjölda, sótt í samkeppnissjóði til rannsókn- og nýsköpunarverkefna og unnið að uppbyggingu innviða.

Umræða var um mikilvægi þess að háskólaráð sé upplýst um vinnu er varðar uppbyggingu liðsheildar, starfsánægju og traust.

5. Námskeið fyrir háskólaráðsfulltrúa sbr. 2. gr. starfsreglna háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands dags 30. mars 2020

Dr. Þórunna Jónsdóttir hélt örnámskeið um stjórnarhætti. Þórunna fjallaði um hlutverk, verksvið og valdmörk háskólaráðs. Farið var yfir lög, reglur og helstu skyldur háskólaráðsfulltrúa. Góðar umræður sköpuðust.



6. Ráðning aðstoðarrektors

Rektor lagði fram tillögu um tímabundna ráðningu aðstoðarrektors. Háskólaráð samþykkti að fresta afgreiðslu málsins vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum. Málið verður afgreitt á rafrænum fundi með lokafrest þriðjudaginn 10. nóvember 2020.

7. Gæðastefna, starfsþróunarstefna og persónuverndarstefna

Drög að gæðastefnu, starfsþróunarstefnu og persónuverndarstefnu voru lögð fram. Skjölín eru til samþykktar á næsta fundi háskólaráðs.

8. Mál til fróðleiks og næsti fundur

Sveinn Aðalsteinsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Orkídeu og Helga Gunnlaugsdóttir hefur verið ráðin rannsókn- og þróunarstjóri. Þau munu koma til starfa um eða eftir næstu áramót.

Óskað var eftir samningi um Orkídeu til yfirlesturs.

Settur hefur verið á fót samráðshópur um rannsóknir að frumkvæði Bændasamtaka Íslands. Fyrsti fundur verður haldinn 6. nóvember.

VOR – Vettvangur um lífræna ræktun mun halda ráðstefnu (ZOOM) fimmtudaginn 12. nóvember nk.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 24. nóv. kl 13 á Hvanneyri eða TEAMS.

